

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Bláskógabyggðar nr. 583/2002 með síðari breytingum.

1. gr.

17. tl. 34. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Sameiginleg félagsþjónusta sjö sveitarfélaga í Árnassýslu. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar kýs einn fulltrúa til setu í yfirstjórn sameiginlegrar félagsþjónustu sjö sveitarfélaga í Árnassýslu samkvæmt samningi þar að lútandi. Sá sem kjörinn er í yfirstjórn hefur umboð til þess að skipa fulltrúa í eina sameiginlega velferðarnefnd á starfssvæði félagsþjónustu sveitarfélaganna í samræmi við ákvæði samstarfssamnings og á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Fulltrúar í sameiginlegri velferðarnefnd eru fimm auk jafnmargra varamanna og koma þrír af starfssvæði Sveitarfélagsins Ölfuss og Hveragerðisbæjar og tveir af starfssvæði sveitarfélaga í upp-sveitum Árnassýslu og Flóahrepps. Fulltrúi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar í sjö manna yfirstjórn hefur einnig umboð til þess að taka þátt í skipan formanns og varaformanns sameiginlegrar velferðarnefndar. Yfirstjórn útbýr einnig erindisbréf sameiginlegrar fimm manna velferðarnefndar og leggur það fyrir sveitarstjórn til staðfestingar af hennar hálfu. Sameiginleg velferðarnefnd fer með stjórn félagsþjónustu sveitarfélaga skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, málefni aldraðra skv. lögum nr. 125/1999 og málefni fatlaðra skv. lögum nr. 59/1992. Nefndin fer með jafnréttismál skv. lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, áfengisvarnir skv. lögum nr. 75/1998 og barnaverndarmál skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Nefndin fer með önnur málefni skv. erindisbréfi sem henni er sett.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar samkvæmt 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 29. september 2011.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.